

Alþingi
Erindi nr. P 141/944
komudagur 10.12.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2012

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, þskj. 320, 287. mál

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur vísar til tölvupósts umhverfisnefndar Alþingis dags. 26. nóvember 2012 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (loftgæði, færanleg starfsemi, umhverfismerki o.fl., EES-reglur) þskj. 320, 287. mál.

Almenn umsögn

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir frumvarpið og meðfylgjandi greinargerð og telur ástæðu til að gera við það nokkrar athugasemdir. HER telur þær breytingar á lögum nr. 7/1998 sem lagðar eru til í frumvarpinu til bóta. Ákvæði um færanlega starfsemi eru styrkt og aðkoma heilbrigðisnefnda að þessum flokki skýrð. Einnig er sett niður hlutverkaskipting Umhverfisstofnunar (UST) og heilbrigðisnefnda (HES) varðandi gerð viðbragðsáætlana sem taka til skammtímaráðstafanna og gerð aðgerðaáætlanna varðandi loftgæði. Skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun kaupi og reki loftgæðastjórnunarkerfi (Urban Air Quality System) og er það jákvætt en HER telur mikilvægt að skilgreint verði hvaða aðkomu og aðgengi Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa að þessu kerfi. Nauðsynlegt er að HER geti bæði sótt gögn í kerfið og eins lagt til gögn inn í það úr sínum loftmælistöðvum. Þetta þarf að koma skýrt fram í lögnum og útfæra nánar í reglugerð. Þá vill HER gera athugasemdir við þá niðurstöðu kostnaðarmats í greinargerð að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna þessa frumvarps sé talinn óverulegur. Þegar er kostnaður HER og fleiri eftirlitssvæða af mælingum á loftgæðum þegar talsverður. Þau sveitarfélög sem ekki hafa uppfyllt ákvæði lagafrumvarpsins þurfa að leggja í kostnað vegna gerð viðbragðsáætlanna, auk þess að ef þörf er á mælitækjum í viðkomandi sveitarfélagi þá er um umtalsverðan kostnað að ræða. Í greinargerðinni er hins vegar gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun komi sér upp mælitækjaneti auk loftgæðastjórnunarkerfi með tilheyrandi kostnaði.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

5.gr. frv., liður b : HER telur að hér þurfi að skýra og skilgreina aðkomu og aðgengi heilbrigðisnefnda að loftgæðastjórnunarkerfi því sem Umhverfisstofnun á að kaupa og reka til hagsbóta fyrir báða aðila og almenning.

Virðingarfyllst f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Árný Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri